



# Reglur um úthlutun menningarstyrkja Pingeyjarsveitar

## 1. gr.

### Hlutverk

Íþróttta-, tómstunda- og menningarnefnd Pingeyjarsveitar auglýsir tvisvar á ári styrki til menningarstarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum og með hliðsjón af menningarstefnu sveitarfélagsins. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Pingeyjarsveitar ár hvert.

## 2. gr.

### Styrkúthlutanir

Pingeyjarsveit veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefna. Nefndin getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Ekki er styrkt til náms eða rekstrar.

Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið. Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Styrkir eru greiddir út innan mánaðar eftir að sveitarstjórn hefur staðfest afgreiðslu nefndarinnar.

## 3. gr.

### Verkefnastykir

Sótt skal um verkefnastyki á þar til gerðu eyðublaði þar sem eftirfarandi kemur fram:

- gildi verkefnisins fyrir menningarlífið í sveitarfélaginu
- áætlun um framkvæmd, þar með talið skil á lokaskýrslu
- fjárhagsáætlun verkefnisins
- aðrar fjármögnunarleiðir
- upphæð sem sótt er um

Verkefnastykir skulu ár hvert auglýstir til umsóknar í mars og október með fjögurra vikna umsóknarfresti. Afgreiðsla nefndarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 6 vikum eftir að umsóknarfresti lýkur.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu nefndarinnar og hvenær úthlutun fer fram sé styrkur veittur. Styrkhöfum ber að skila stuttri greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en ári eftir úthlutun.

#### 4. gr.

##### Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Þingeyjarsveitar höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Þingeyjarsveit og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.

Íþrótta-, tómstunda- og menningarnefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

Nefndin áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja komi ekki til verkefna sem sótt var um, eða um forsendubrest sé að ræða.

#### 5. gr.

##### Umsækjendur

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Þingeyjarsveit með búsetu, með því að verkefnið fari fram í sveitarfélaginu eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 21. grein stjórnssýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Þingeyjarsveitar koma fram.

Samþykkt á 42. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 21.03.2024

  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir  
sveitarstjóri